



Háskólabrú yfir í námið sem þú vilt stunda

Háskólabrú Keilis er krefjandi undirbúningur fyrir háskólanám sem unnið er í samstarfi við Háskóla Íslands.

Á Háskólabrú er boðið upp á nám fyrir einstaklinga sem ekki hafa lokið stúdentsprófi. Að loknu námi uppfylla nemendur inntökuskilyrði í háskóla héraðs og erlendis og telst námið sambærilegt stúdentsprófi samkvæmt samningi Keilis, HÍ og menntamálaráðuneytisins. Markmiðið með náminu er að veita nemendum góðan undirbúning fyrir krefjandi háskólanám.

Uppbygging námsins

Hægt er að velja um fjórar deildir á Háskólabrú: félagsvísindas- og lagadeild; hugvísindadeild; viðskipta- og hagfræðideild; og verk- og raunvísindadeild.

Námið á Háskólabrú er þrískipt:

- Tvær annir fyrir þá nemendur sem ætla sér að stunda nám í félagsvísindum.
- Tvær annir auk einna sumarlotu fyrir þá nemendur sem ætla sér að stunda nám í hugvísindum eða viðskiptum og hagfræði.
- Þrjár annir fyrir þá nemendur sem ætla sér að stunda nám í verk- eða raunvísindum.

Kennsla

Háskólabrú Keilis er kennd í staðnámi og fjarnámi. Staðnám hefst í ágúst ár hvert og fjarnám í janúar ár hvert.

Keilir er í fararbroddi varðandi kennslutækni í fjarnámi, það hentar þeim sem að vilja nýta sér nýjustu tækni í kennslu, haga sínum námstíma eftir þörf í tíma og rúmi. Þannig geta nemendur hlustað á fyrirlestra, fylgst með hvernig stærðfræðidæmi eru reiknuð, lagt málefnum lið á spjallþráðum og spurt spurninga.

Keilir starfrækir bókasafn, upplýsingamiðstöð, námsráðgjöf og tölvuþjónustu. Mikil áhersla er lögð persónulega þjónustu og kennsluhætti sem miða við þarfir fullorðinna nemenda.



Inntökuskilyrði

Umsækjendur þurfa að hafa lokið 70 einingum á framhaldsskólastigi. Umsækjendur eiga möguleika á að fá starfsreynslu sína metna til eininga að hluta upp í þær lágmarkseiningar sem krafist er. Kennt er á íslensku.



„Það olli mér miklum áhyggjum að hefja skólagöngu aftur eftir tólf ára hlé og kom mér því á óvart hve auðvelt var að byrja aftur í námi. Það þakka ég frábærri aðstoð kennara og starfsfólks Keilis. Með aðstoð og stuðningi þeirra hefur áhugi og ánægja mín í náminu aukist til muna og nú er ég fullur af áhuga.“

Þórður Eypórsson
útskrifaður frá Háskólabrú Keilis
nemandi í sálfræði í Háskóla Íslands

Námslán

Nám á Háskólabrú er láns hæft samkvæmt reglum LÍN sem lánar sérstaklega fyrir skólagjöldum. Námið veitir einnig þeim sem uppfylla skilyrði LÍN rétt til framfærsluláns.



„Það hefur blundað í mér í mörg ár að mennta mig en mér fannst fráhrindandi að taka stúdentinn með fullri vinnu og heimili. Það var því dásamleg tilfinning að sjá auglýsinguna frá Keili um að lykillinn inn í háskóla tæki aðeins einn vetur. Ekki var verra að námið er láns hæft og tekið tillit til aldurs og reynslu.“

Svanhildur Sif Haraldsdóttir
útskrifuð frá Háskólabrú Keilis
nemandi í félagsráðgjöf í Háskóla Íslands

Nánari upplýsingar eru að finna á:
www.keilir.net/haskolabru



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs